

## FUNDARGERÐ

Fundur Bologna Expert Group / BORE Verkefni

1. apríl 2016 kl. 10:30

Rannís, Borgartúni 30

Viðstödd: María Kristín Gylfadóttir, Davíð Erik Molberg, Anna Marsibil Clausen, Gísli Fannberg, Einar Hreinsson, Guðrún Geirsdóttir, Friðrika Harðardóttir, Hallur Jónasson, Una Strand Viðarsdóttir, Magnús Diðrik Baldursson, Sigrún Magnúsdóttir (í fjarfundarbúnaði).

Ritari fundargerðar: Sigurður Óli Sigurðsson

1. Sigurður fjallaði um jafningjafræðslufund í Hollandi um lærdómsviðmið í október 2015. Átta fulltrúar frá Íslandi fóru á fundinn. Helstu lærdómar sem íslensku gestirnir drógu af fundinum:

1. Hugtakaruglingur og misskilningur vegna blæbrigða í þýðingum þegar kemur að samræmdri stefnu og lærdómum sem má draga af innleiðingu lærdómsviðmiða.
2. Ekki virðist ljóst að hve miklu leyti háskólastarf sé bættara eftir innleiðingu lærdómsviðmiða.
3. Erfitt að sætta sjónarmið kennslustjóra/kennara annars vegar, og hins vegar sérfræðinga í gæðamálum (ytri sem innri) hvað snerti smíði, tilgang og notkun lærdómsviðmiða.
4. Er viðeigandi væri að búa til lærdómsviðmið um „rétt viðhorf“?
5. Gátlistar um gæði væru viðeigandi í fjöldaframleiðslu, en gætu leitt til einsleitni útskrifaðra nemenda í háskólum.
6. Erfitt er að smíða og meta lærdómsviðmið fyrir þverfaglega hæfni, en margt bendi til þess að slík hæfni verði æ mikilvægari á vinnumarkaði.

Að framsögu Sigurðar lokinni spunnust nokkrar umræður, og var sérstaklega til þess tekið hversu mörg álitamálin væru enn í þessum málaflokki. Einnig voru fundargestir sammála um að ruglings gætti um hugtökin „hæfniviðmið“ og „lærdómsviðmið“ í íslensku háskólaumhverfi. Anna spurði fundargesti að hve miklu leyti stúdentar væru spurðir hvernig þeir upplifi lærdómsviðmið í sínu námi. Una svaraði að könnun (e. [Bologna with Student Eyes](#)) frá 2015 benti til þess að íslenskir stúdentar teldu lærdómsviðmið alls ekki samofin námi og kennslu. Una benti þó á að þetta væri alls ekki einsdæmi í Evrópu, og að oft átti nemendur sig ekki á því hvenær og hvernig lærdómsviðmið séu í raun samofin námi og kennslu. Magnús benti einnig á að ekki væri ljós hvernig ætti að reikna ECTS út frá námsálagi og lærdómsviðmiðum, og Anna bætti við að oft væri misræmi á milli vinnuálags og erfiðleikastigs annars vegar og ECTS-vægis hins vegar. Gísli tók undir þessar athugasemdir, og rakti orsakir þessa vandamáls til skorts á stöðlun og eftirfylgni innan háskólanna. Einar setti fram tillögu að sameiginlegu háskóladagatali.

2. Umfjöllun um alþjóðavæðingu. María rekur dagskrá Alþjóðadags háskóla og Davíð og Anna fjalla um alþjóðastefnu Landssamband íslenskra stúdenta sem var samþykkt fyrir stuttu. Tekur sú stefna til háskólanáms fyrir íslenska og erlenda stúdenta á Íslandi, auk íslenskra stúdenta erlendis. Helstu áhersluefni stefnunnar eru að kanna álag á íslenska stúdenta í samanburði við önnur lönd, skoða stöðu innflytjenda og barna þeirra (önnur kynslóð) í háskólanámi, og alþjóðavæðing kennslu. Í stefnunni kemur fram það takmark að 40% íslenskra stúdenta sækji nám að öllu eða einhverju leyti. LÍS telur eðlilegt að tvöfalda Bologna markmiðið um þetta (20%) í ljósi smæðar og einangrunar Íslands. Friðrika benti á að ekki væru til nógu góðar tölur um þessi mál á Íslandi, en María benti á að vonir stæðu til um betri tölur frá Hagstofu Íslands. Einar bætti við að enn erfiðara væri að taka erlenda nemendur í reikninginn því þeir fái ekki kennitölur alla jafna. Davíð vekur máls á því að erlendir nemendur samlagist sjaldan þeim íslensku, og að oft séu námskeið kennd á íslensku þótt þau

séu auglýst á ensku. Í kjölfarið fór fram umræða um fjármögnun LÍS, en hún kemur í gegnum aðildargjöld frá stúdentasamtökum einstakra háskóla, frá BORE verkefninu, og mögulega í gegnum samstarfssamning við MNR í nánustu framtíð. Einnig spunnust umræður um hvort háskólar ættu að hafa sérstaka alþjóðastefnu, eða hafa alþjóðamál sem hluta af almennri stefnumörkun. Nokkrir háskólar biða eftir útkomu stefnumótunarskjals MNR um háskólamál áður en ákvörðun er tekin.

3. María fjallar um Eurostudent könnunina sem verður lögð fyrir íslenska stúdenta á næstu vikum, þar sem meðal annars er spurt um félagslegan bakgrunn og námsframvindu. Von er á samtöluniðurstöðum í maí, en hrágögn verða aðgengileg íslenskum yfirvöldum til sérstakra greininga.

4. María minnir á námskeið á döfinni. 11. og 12. maí verður námskeið um lærdómsviðmið á Bifröst, og svo er stefnt á námskeið með sænskum sérfræðingum í maí. Umsókn um framhald BORE verkefnisins (BORE2) fór inn fyrir á árinu. Þar verður lögð áhersla á alþjóðavæðingu og þátttöku nemenda í gæðastarfi.

5. Una segir fréttir af Bologna ferlinu eftir Yerevan-samþykktina. Ísland er í ágætri stöðu á evrópska vísu, en helst séu vankantar á eftirfylgni hvað snertir umsýslu prófa og gögn um háskólastarf hér á landi. Una greinir frá því að í Evrópu sé nú meiri áhersla lögð á jafna umföðmun nemenda (e. *inclusivity*), vinnumarkaðshæfi (e. *employability*), aðgengi minnihlutahópa að háskólum og hlutverk háskóla í samfélagsumræðu. Einnig greinir Una frá starfi Bologna Follow-up Group og deildi skjali um forgangsatríði aðgerðahóps um viðbrögð við frávikum landa frá Bologna samþykktum (e. Action Group Dealing with Non-Implementation). Þau forgangsatríði snúa að hæfniramma evrópska háskólasvæðisins (e. *Qualification Framework of the European Higher Education Area*), uppfyllingu Lissabon sáttmálans um vottun náms milli landa og gæðastarf í samræmi við evrópska staðla og viðmið (e. *European Standards and Guidelines*).

*Fundargerð ritaði Sigurður Óli Sigursson*